

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir minningarsjóð Kristjáns læknis Jónssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 15. apríl 1911. Skipulagsskráin er þannig:

80
15. apríl

Skipulagsskrá

fyrir Minningarsjóð Kristjáns læknis Jónssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Kristjáns læknis Jónssonar, og er stofnaður 26. maí 1910 til minningar um Kristján Jónsson læknir, er fæddur var á Stóra-Ármóti í Árnessýslu 14. nóv. 1862, en dáinn í Clinton Iowa U. S. A. 26. febrúar 1910. Sjóður þessi er stofnaður af erfingjum hans, sem að eru: Geir Zoëga kaupmaður í Reykjavík og kona hans Helga Jónsdóttir Zoëga, Halldór Jónsson prestur að Reynivöllum í Kjós og kona hans Kristín Hermannsdóttir og Sigurjón Jónsson verzlunarmaður í Reykjavík.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er: 10000 — tíu þúsund krónur — auk vaxta af þeirri upphæð frá $\frac{26}{5}$ 1910 til $\frac{1}{1}$ 1911, sem að eru kr. 237,78 — tvö hundruð þrjátíu og sjö krónur, sjötíu og átta aurar.

Árlegum vöxtum af því fé skal varið til að veita einum þurfandi sjúkling í senn, sem eigi þiggur af fátækra sjóði, sjúkavist í einbýlisstofu á Heilsuhælinu á Vífilstöðum. Skal það birt í blaði, sem út kemur í Reykjavík hver eða hverjir styrkinn hafi fengið hvert ár. Höfuðstólinn má aldrei skerða. En fari svo, að eitthvert ár verði afgangur af vöxtum höfuðstólsins, þá leggist sá afgangur við höfuðstólinn; sömuleiðis ef eitthvað kynni að bætast við sjóðinn á einhvern annan hátt, leggist það á sama hátt við höfuðstólinn honum til eflingar. En fari svo að Heilsuhælið leggist niður eða hætti einhverra ófyrirsjáanlegra orsaka vegna, t. d. ef berklaveikin útrýmdist úr landinu, þá skal sjóðurinn ganga til einhverrar líknaðstofnunar fyrir sjúka í Reykjavík.

3. gr.

Sjóðurinn skal standa undir umsjón og eftirliti landstjórnarinnar, sem sjái um að hann sé varðveittur og ávaxtaður á tryggum stað. Um útbýtingu úr sjóðnum sjái nefnd manna: Yfirlæknir heilsuhælisins, biskup landsins og einhver

einn af stofnendum sjóðsins, meðan þeir lifa, hvort heldur er karl eða kona, síð- **80**
 an einhver karl eða kona af afkomendum þeirra. Þann mann eða konu tilnefni 15. apríl
 yfirlæknir og biskup í sameiningu. Ef ættin verður aldauda eða í mikilli fjar-
 lægð, þá kjósi yfirlæknir og biskup einhvern hinn þriðja.

4. gr.

Reikningar sjóðsins skulu árlega birtir í Stjórnartíðindum. Á skipulags-
 skrá þessari skal leita konunglegrar staðfestingar.

Reykjavík, 18. marz 1911.

*G. Zoëga. Helga Zoëga. Halldór Jónsson. Kristín Hermannsdóttir,
 Sigurjón Jónsson.*

Reglugjörð

81
 20. maí.

um breytingar á reglugjörð fyrir Austur-Barðastrandarsýslu um fjallskil, eyðing refa o. fl. frá 4. júlí 1899.

1. 5. gr. orðist þannig:

Markaskrá fyrir sýsluna skal endurprenta eigi sjaldnar en fimta hvert
 ár. Sýslunefndin skipar fyrir um undirbúning og samning á markaskránni,
 og lætur prenta hana. Skyld er hverjum markeiganda að greiða 25 aura
 fyrir hvert mark, er hann lætur prenta. Hrökkvi það gjald eigi fyrir prent-
 unarkostnaði, greiðist það, er til vantar, úr sýslusjóði. Ennfremur er hver-
 jum markeiganda skyld að láta prenta mörk sín, þegar markaskrá er prentuð.

2. Tvær síðustu málsgreinar 6. gr. falli burt.

3. 9. gr. orðist þannig:

Hver maður skal reka alt geldfé sitt til fjalla á vorin, í eigið land,
 ef til er, ella fái hann sér upprekstur hjá öðrum. Upprekstrargjald skal
 vera 6 aurar fyrir hverja kind, og 4 kr. fyrir hvert hross.

Gjalddagi á því er 31. okt. ár hvert.